



5. maí 2015

Nýtt skipurit

Í framhaldi af breytingum í framkvæmdastjórn félagsins hefur N1 breytt skipuriti til að styðja við sókn á þeim mörkuðum sem félagið starfar á.

Forstjóri N1 er Eggert Þór Kristófersson en beint undir hann heyra fjögur svið, einstaklingssvið, fyrirtækjasvið, rekstrarsvið og fjármálasvið.

Á einstaklingssviði eru þjónustustöðvar, markaðsdeild, þjónustuver og framkvæmdadeild. Markaðssvið hefur verið lagt niður og færast markaðsdeild við þá breytingu á einstaklingssvið. Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs er Guðný Rósa Þorvarðardóttir.

Hinrik Örn Bjarnason er framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og undir sviðið heyra viðskiptastjórnun, verlanir, verkstæði og vöruhús. Verkstæði voru áður á einstaklingssviði og vöruhús á fjármálasviði.

Rekstrarsvið er nýtt svið og er Kolbeinn Finnsson framkvæmdastjóri þess. Undir rekstrarsvið heyrir mannauður, gæðamál og verkefnastofa sem áður voru á starfsmannasviði ásamt upplýsingatækni sem var á fjármálasviði.

Á fjármálasviði eru reikningshald, hagdeild, áhættu- og fjárstýring og innheimta. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er Pétur Hafsteinsson.

Meðfylgjandi er nýtt skipurit félagsins. Nánari upplýsingar veitir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is).